

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um endurgreiðslu flugferða  
vegna heilbrigðisþjónustu innan lands.

Frá Ingibjörgu Isaksen.

1. Hversu margir einstaklingar nýttu sér endurgreiðslu flugferða vegna heilbrigðisþjónustu innan lands á árunum 2018–2021?
2. Hversu margir af þessum einstaklingum sóttu um endurgreiðslu á tveimur ferðum og hversu margir sóttu aðeins um endurgreiðslu á einni ferð?
3. Hversu margir einstaklingar fengu endurgreiðslu á fleiri en tveimur ferðum?
4. Hver er heildarkostnaður við endurgreiðslu flugferða vegna heilbrigðisþjónustu innan lands hvert ár fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.